

Saumafundur 23. febrúar 2022

Hittumst á ný!

Nú er komið að því að við getum hist á ný kærufélagsmenn. Við erum örugglega flest komin í þörf á að hittast, sauma- og spjalla saman.

Höfum við því ákveðið að skella saman saumadeginum sem átti að vera í janúar og febrúarfundinum, við verðum með langan miðvikudagsfund – saumafund.

ATHUGIÐ – NÝR FUNDARSTAÐUR – Sléttuvegur 23

Tróð inn í prjóstapúða og teppi verður á staðnum, sem og merkimiðar, ykkur að kostnaðarlausu.

Húsið opnar 17:00 og fundur til kl. 22:00

Komið með góðgerðarverkefni sem við höfum verið að vinna að, klára þau eða byrja á nýjum. Takið endilega með blokkprufur eða afgangsblokkir sem þið eigið og liggja í skúffum, notum þær í hetjuteppi. Takið endilega líka með pappírssaumblokkirnar sem dreift var á síðasta fundi.

Pálínu boð

Allir að mæta með eitthvað smáræði á kaffiborðið, félagið sér um drykki og mun einnig leggja til bakkelsi á borðið. Munið eftir kaffikrúsunum ykkar.

Líflegur fundur

Það er von okkar að þið njótið þess að koma og sauma saman. Bingóið á sínum stað. – veglegir vinningar. Áætlað að hafa kaffi/matar tíma um kl 19.30

Með bútasaumskveðju, stjórnarkonur.

Sléttuvegur 23
108 Reykjavík
ATH!! Nýr fundarstaður!

Verð á fund 1.000,-
Ekki tekið við kortum.

<https://butasaumur.is/>